

1862.

11. júlím.

á Íslandi og borga síðan andvirði þeirra inn í jarðabókarsjóðinn svo sem fyr er sagt, þá má senda þau hingað til þess þau verði rituð í bækur fjárstjórnarinnar; en þess ber að gæta, að skulda-bréfin séu send stiptamtinu og að það sendi þau svo hingað, með þeim ummælum, sem þörf er á í þessu efni.

11. ágúst. 45. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um rétt forstöðumanns prentsmiðjunnar til borgunar fyrir eptirlit með aukavinnu.

Samkvæmt úrskurði, er lagður hefir verið á 4. athugasgrein við reikning yfir tekjur og gjöld stiptyprentsmiðjunnar árið 1857, hefir verið borið undir úrlausn stjórnarráðsins það atriði, að í reikningi þessum er talið með gjöldum 7 rd. sem borgun til forstöðumanns prentsmiðjunnar fyrir eptirlit hans með þeim verkum, er vinnumenn hennar unnu fyrir hana í frítímum sínum um það leyti alþingi var haldið árið 1857.

Um þetta efni skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar, og til þess þér kunngjörð það forstöðumanni prentsmiðjunnar, Einari Þórðarsyni, að stjórnarráðið ekki getur fallið á, að gjald þetta sé látið lenda á sjóði prentsmiðjunnar.

25. ágúst. 46. Auglýsing um að skip, sem eiga heima í konungsríkinu Spáni og fara kaupferðir til Íslands og Færeyja, séu undanþegin að greiða 2 rda. aukagjald það af hverju dönsku lestarrúmi, sem ákveðið er í konunglegum úrskurði 1. aprílm. 1856.

Eptir samningi, sem gjörður hefir verið milli konungsríkisins Danmerkur og konungsríkisins Spánar, eru þau skip, sem eiga heima í síðarnefndu konungsríki og fara kaupferðir til Íslands og Færeyja, undanþegin að greiða 2 rd. aukagjald það af